



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Margrét M. Róbertsdóttir
Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri, 7. janúar 2021
MÍ202101-0005/ 6.09 / S.G.

Umsögn um aðalskipulagsbreytingu vegna heilsugæslustöðva á Akureyri

Með tölvupósti sendum 23. desember sl. óskaði Margrét M. Róbertsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi vegna heilsugæslustöðva á Akureyri, uppdrátturinn er dagsettur 3. desember 2020. Skipulagslýsing vegna breytingarinnar kom til umsagnar hjá stofnuninni, sjá bréf dagsett 5. nóvember 2020.

Það svæði sem breytingin nær til er um 3,5 ha að stærð. Í gildandi aðalskipulagi skiptist landnotkun svæðisins í afmarkaða reiti fyrir íbúðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og samfélagsþjónustu en með breytingunni er gert ráð fyrir að allt svæðið verði skilgreint sem miðsvæði. Á svæðinu er þegar fjölbreytt starfsemi og nú eru uppi fyrirætlanir um að byggja heilsugæslustöð á svæðinu auk þess sem svæðið talið mikilvægt þéttingarsvæði. Eftir samráð við Skipulagsstofnun var ákveðið að bæta við aðalskipulagsbreytinguna fyrirhugaðri heilsugæslustöð við Skarðshlíð sem verður innan skilgreinds íbúðarsvæðis ÍB19, en sú breyting var ekki kynnt með skipulagslýsingunni.

Eins og sagði í fyrri umsögn fram og kemur í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og í reglum um skráningu jarðfastra minjar nr. 620/2019 þarf skráning fornleifa, húsa og mannvirkja í þéttbýli og á svæðum þar sem eru fyrirhugaðar framkvæmdir að vera lokið á vettvangi áður en aðalskipulag er samþykkt.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir bæði svæðin. Engar skráðar minjar eru á ofangreindum skipulagsreitum. Fornleifaskráningin er barn síns tíma og uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um skráningu fornleifa. Minjavörður mun kanna svæðin á vettvangi þegar deiliskipulagstillögur verða kynntar stofnuninni.

Ekki hefur verið gerð húsaskráning á þeim svæðum sem aðalskipulagsbreytingin nær til. Á tjaldsvæðareitunum eru engin hús eða mannvirki sem falla undir lög um menningarminjar en þar eru tvö hús sem stofnunin telur hafa menningarsögulegt gildi. Húsið að Þórunnarstræti 97 sem er reist árið 1926 og húsið að Þórunnarstræti 99 sem var reist árið 1945 og er hannað af Guðjóni Samúelssyni. Vakin er athygli á að í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 segir að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skuli lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar. Þegar kemur að deiliskipulagsgerð svæðisins mun stofnunin fara fram á skráningu ofangreindra húsa til að hægt sé leggja mat á varðveislugildi þeirra.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun